

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 305/1994.

Protabú Davíðs Axelssonar

gegn

Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar hf.

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 3. október 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 500.000 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati réttarins.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé eignalaust þrotabúið og ekkert liggi fyrir um það, með hverjum hætti þrotabúið geti greitt þann málskostnað, sem því kann að verða gert að greiða í þessu máli. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að afar brýnt sé að koma fram áfrýjun í máli þessu, enda verði ekki við dóm héraðsdóms unað. Þótt eignir séu litlar sem engar í búinu, séu hagsmunir áfrýjanda slíkir, að rangt sé að stöðva frekari meðferð málsins fyrir dómstólum vegna þessa eins. Þá bendir áfrýjandi á, að ekki hafi verið krafist málskostnaðartryggingar í héraði, og hljóti því trygging, sem ákveðin kunni að verða í Hæstarétti, að ná einungis til meðferðar málsins þar.

Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um hag áfrýjanda. Ekki hefur verið sýnt fram á, að búið eigi eignir, og verður að líta á orðalag í greinargerð áfrýjanda sem viðurkenningu á því, að búið sé eignalaust að kalla. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að kröfuhafar í búinu geti ekki lagt fram málskostnaðartryggingu, telji þeir brýnt, að málinu verði haldið áfram. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir

greiðslu málskostnaðar í máli þessu fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, þrotabúi Davíðs Axelssonar, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 305/1994. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.
